

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Að sama skapi teljast þeir sem halda heimili saman ásamt barni sínu framfærendur í skilningi ákvæðisins þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Við slíkar aðstæður skal ákvarða barnabætur eins og um hjón sé að ræða.
- b. Í stað orðsins "skattstjóra" í 2. málsl. 5. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Greiða skal tekjutengdar barnabætur með hverju barni innan 18 ára aldurs á tekjuárinu sem árlega skulu nema 199.839 kr. með fyrsta barni en 237.949 kr. með hverju barni umfram eitt. Tekjutengdar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 332.950 kr. með fyrsta barni en 341.541 kr. með hverju barni umfram eitt.

Til viðbótar barnabótum skv. 1. mgr. skal greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skulu þær árlega nema 119.300 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað tilvísunarinnar "2. mgr. 3. gr." í 1. mgr. kemur: 3. gr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar "2.415.492" í 1. mgr. kemur: 4.800.000.
- c. Í stað fjárhæðarinnar "1.207.746" í 1. mgr. kemur: 2.400.000.
- d. Orðin "þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003" í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
- e. Í stað 3. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Skerðingarhlutfall skv. 1. mgr. 3. gr. skal vera 4% með einu barni, 6% með tveimur börnum og 8% með þremur börnum eða fleiri. Skerðingarhlutfall skv. 2. mgr. 3. gr. skal vera 4% með hverju barni.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. verður svohljóðandi: Barnabætur skulu ákveðnar á grundvelli skattframtals við álagningu, sbr. X. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Barnabætur sem eru ákvarðaðar lægri en 5.000 kr. á hvern framfæranda á grundvelli skattframtals falla niður. Úrskurður ríkisskattstjóra um fyrirframgreiðslu barnabóta skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnslustigi.
- b. Í stað "1. ágúst" og "1. nóvember" í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 1. júlí; og: 1. október.

5. gr.

Í stað orðanna "skattstjóra", "Skattstjóri" og "skattstjóra" í 1. málsl. 4. mgr. og 5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: ríkisskattstjóra; Ríkisskattstjóri og: ríkisskattstjóra.

6. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Barnabótum verður ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna "skattstjóri leiðréttar þær" í 1. málsl. kemur: honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi.
- b. Á eftir orðinu "leiðréttingu" í 2. málsl. kemur: ríkisskattstjóra.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 68. gr. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 14. janúar 2016.

F. h. r.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

Ása Ögmundsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.